


TILLAGA AÐ SKIPTINGU FÁSKRÚÐSFJARÐAR Í ELDISSVÆÐI Á GRUNDEVELLI BURÐARÞOLS OG BESTU HEILDARNÝTINGAR MÖGULEGRA ELDISSVÆÐA

TILLAGA

Hafrannsóknastofnun leggur til skiptingu Fáskrúðsfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar eldissvæða eins og fram kemur í töflu 1 og á mynd 1.



Mynd 1. Skipting Fáskrúðsfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols miðað við hámarksnýtingu mögulegra eldissvæða. Heilar svartar línur sýna mörk eldissvæðanna og rauðar punktalínur sýna mörk svæða þar sem nú eru leyfi til sjókvíaldis. Rauðar punktalínur innan eldissvæðanna afmarka þau svæði þar sem heimilt er að hafa kvíar en ytri rauðu línurnar afmarka þau svæði þar sem heimilt er að hafa botnfestingar samkvæmt starfsleyfi sjókvíaldissins. Dýptarlínur eru á 10 m bili (ljósgráar) og 30 m og 60 m dýptarlínur eru sýndar með bláu.

Tafla 1. Skipting Fáskrúðsfjarðar í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar eldissvæða. Gert er ráð fyrir kynslóðaskiptu eldi, þriggja ára eldisferli og að um 75% lífmassans sé í stærsta árganginum (á öðru ári hans í eldi) þegar mest er. Þá eru sýnd hnit eldissvæðanna.

Eldissvæði	Burðarþol eldissvæðis þ.e. hámarkslífmassi (tonn) á eldissvæði í kynslóðaskiptu eldi m.v 3 ára eldisferil	Hnit eldissvæða
Eyri/Fagraeyri	11000*	64° 54.442' N 13° 56.203' W 64° 54.278' N 13° 54.092' W 64° 54.466' N 13° 54.032' W 64° 54.631' N 13° 56.103' W
Höfðahúsabót	11000*	64° 54.801' N 13° 52.106' W 64° 54.480' N 13° 50.712' W 64° 54.820' N 13° 50.100' W 64° 55.140' N 13° 51.550' W
Æðarsker	11000*	64° 53.628' N 13° 45.095' W 64° 53.486' N 13° 43.486' W 64° 54.070' N 13° 43.400' W 64° 54.170' N 13° 44.850' W

*Þessi skipting í eldissvæði gerir ráð fyrir að hægt verði að hafa allt að 15 þúsund tonna lífmassa að hámarki á ári í firðinum, skipt á þrjú eldissvæði. Gert er ráð fyrir að eldissvæðin séu notuð til skiptis þannig að hvert eldissvæði sé nýtt í eldislotu á þriggja ára fresti.

LAGAUMGJÖRÐ – LEGAL ASPECTS

Burðarþol Fáskrúðsfjarðar fyrir fiskeldi var áætlað 15.000 tonn árið 2016. Hafrannsóknastofnun gerir nú tillögu að svæðaskiptingu þess burðarþols en í breytingu á lögum um fiskeldi (nr. 71/2008) árið 2019 kom til ný grein, 4a, um skiptingu hafsvæða í eldissvæði, auglýsingu og úthlutun þeirra. Samkvæmt greininni skal Hafrannsóknastofnun ákveða skiptingu fjarða eða hafsvæða á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar eldissvæða. Stofnunin skal taka mið af strandsvæðaskipulagi ef það liggur fyrir.

Reglugerð um fiskeldi (nr. 540/2020) var breytt í maí 2020. Samkvæmt henni skal við ákvörðun um skiptingu fjarða og hafsvæða í eldissvæði taka tillit til þeirrar starfsemi, þ.m.t. eldisstarfsemi, sem þegar er til staðar í hverjum firði eða á hverju hafsvæði fyrir sig. Jafnframt skal taka tillit til umsókna sem eru í vinnslu hjá Matvælastofnun og/eða Skipulagsstofnun í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í lögum um fiskeldi eða reglugerð þessari. Við afmörkun eldissvæða skal miða við að ekki séu fleiri en einn rekstraraðili með starfsemi innan hvers eldissvæðis. Þó er heimilt að aðilar sem stunda sameiginlegan rekstur séu innan sama eldissvæðis. Sé um að ræða kynslóðaskipt eldi á skilgreindum eldissvæðum hjá sama rekstraraðila eða aðilum sem stunda sameiginlegan rekstur skal leitast við að tilgreindur lífmassi á hverju eldissvæði sé sem jafnastur. Þá skal jafnframt við svæðaskiptingu taka tillit til fjarlægðarmarka á milli sjókvíaldisstöðva ótengdra aðila, sbr. 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar og fjarlægðarmarka frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu, sbr. 6. mgr. 18. gr.

Samkvæmt 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar skal Matvælastofnun tryggja að minnsta fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaldi samkvæmt meginviðmiði sé eigi styttri en 5 km miðað við útmörk hverrar fiskeldisstöðvar. Matvælastofnun getur þó að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun heimilað styttri fjarlægðir milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila.

Þá er í reglugerð 540/2020 kveðið á um að sjókvíeldissvæði skuli hvíla í a.m.k. 90 daga eftir að eldi og slátrun hverrar kynslóðar lýkur.

Eldissvæði er svæði þar sem fiskeldi er leyft og afmarkað er með sérstökum hnitum.

FORSENDUR ÁKVÖRÐUNAR – BASIS FOR THE DECISION


Við mat á burðarþoli árið 2016 voru þær forsendur viðhafðar að allur fasti úrgangurinn lenti í botnlagi fjarðarins þar sem mælingar sýna að ekki er einangrað botnlag í firðinum heldur er vatnssúlan neðan um 10 metra dýpis uppblönduð á öllum árstímum.

Matið gerir einnig ráð fyrir að hámarksálag af völdum eldisins sé á öðru ári þess, eða 14 til 18 mánuðum frá útsetningu seiða. Það verður því að haustlagi, sé miðað við eldisáætlanir við íslenskar aðstæður, þegar súrefnisstyrkur frá náttúrunnar hendi er lægstur. Gert er ráð fyrir að stundað sé kynslóðaskipti eldi með þriggja ára eldisferli á þremur eldissvæðum og að sá árgangur sem stærstur er, sé um 75% af heildarlífmassa í eldi í firðinum þegar mest er eða á öðru ári í eldisferlinu. Aðrir árgangar í eldi í firðinum munu á sama tíma vera samanlagt 25% af heildarlífmassanum.

Fyrir Fáskrúðsfjörð liggur ekki fyrir skipting í sjókvíaeldissvæði (árgangasvæði), þar sem flatarmál fjarðarins er það lítið að hvergi er hægt að hafa 5 km eða meira á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðlila eins og reglugerð segir til um. Fiskeldi Austfjarða hefur starfsleyfi fyrir 11 þúsund tonna eldi í firðinum á þremur staðsetningum.

STAÐHÆTTIR OG MÆLINIÐURSTÖÐUR – AREA DESCRIPTION AND OBSERVATIONS

Hafrannsóknastofnun gerði margvíslegar athuganir á ástandi sjávar og hafstraumum í Fáskrúðsfirði til að undirbyggja mat á burðarþoli hans. Í Fáskrúðsfirði er mest dýpi 109 metrar og í honum eru ekki þröskuldar (2. mynd). Grynningar eru utan við fjörðinn en mælingar sýna að þær hindra lítið vatnsskipti milli fjarðarins og sjávarins úti fyrir.



Mynd 2. Straumakerfið í Fáskrúðsfirði. Á myndinni sjást staðsetningar straummælinga Hafrannsóknastofnunar í firðinum frá 2015-2016. Grænar örvar sýna straum á 15 m dýpi, svartar örvar sýna straum á 30 m dýpi og rauðar örvar sýna straum á 60 m dýpi.

Athuganir á ástandi sjávar í firðinum á ýmsum árstímum sýna að vatnssúlan er nær öll uppblönduð að vetrarlagi. Að sumarlagi myndast heitara og ferskara tiltölulega grunnt yfirborðslag í efstu metrum sjávarins, sem síðan blandast upp að hausti. Fyrir neðan 10 metra dýpi er vatnssúlan frekar einsleit á öllum árstímum sem bendir til mikillar lóðréttrar blöndunar í firðinum þannig að við mat á burðarþoli var gert ráð fyrir að í firðinum séu tvö lög, yfirborðslag og botnlag sem nær frá frá botni og upp undir yfirborðslagið. Niðurstöður straummælinga sýna tiltölulega sterkan meðalstraum og stöðuga hringrás í firðinum þar sem innflæði er norðan megin og útlæði sunnan megin. Meðalstraumar mældust á bilinu 3 - 7 cm s⁻¹. Á mælistöð innst í firðinum (FASV, 2. mynd) náðust góðar, samfelldar súrefnismælingar niður undir botni og var lægsta gildið 5,7 ml l⁻¹ sem bendir til að fjörðurinn sé lítt viðkvæmur fyrir lífrænu álagi hvað varðar súrefnisbúskap hans. Þá er endurnýjunartími sjávar í firðinum stuttur.